

Trúnaðarmannaráðsfundur

Miðvikudaginn 17. maí 2024 kl. 13:15 – 15:15

Grand hóteli - Háteigi

Dagskrá:

- Fundur settur; Þórarinn Eyfjörð formaður Sameykis
- Staðan í kjaraviðræðum; Ingólfur Björgvin Jónsson og Þórarinn Eyfjörð
- Réttindamál; Ákvörðun um töku orlofs og fyrning orlofs, orlofsuppbót og veikindi í orlofi. Jenný Þórunn Stefánsdóttir
Kaffihlé
- Starfsemi Trúnaðarmannaráðs Inngangur að borðavinnu. Jakobína Þórðardóttir
- Umræða á borðum
- Niðurstöður umræðna á borðum kynntar
- Önnur mál

1. Fundur settur - Þórarinn Eyfjörð

Þórarinn setti fundinn og fór yfir dagskrána.

2. Staðan í kjaraviðræðum.

Þórarinn byrjaði á að fara yfir stöðuna í kjarasamningsviðræðunum. Deilu við Isavia hefur verið vísað til ríkissáttasemjara. Hann fór yfir viðræður við opinberu aðilana, minnstist fyrst á stóra rammann á almenna markaðnum, þar sem samið var um kr. 23.750,- krónutöluhækkun sem nær upp töfluna þar til prósentuhækkun tekur við, fyrst hækkun var 3,25% og verður svo 3,5% næstu 3 áramót á eftir. Kostnaðarmat samninga á almenna markaðnum var 14-20% hækkun.

Viðræður við opinberu aðilana ganga frekar hægt, enn er verið að tala um allt mögulegt í kröfugerðum Sameykis, launatöflu og margt fleira. Einnig er verið að byrja að fjalla um launaskriðstryggingu, sbr. almenna markaðinn. Umræða er um vinnutíma og hlé frá vinnu, tillögur sem komu frá SOL (samband opinberra launagreiðanda) og verið að vinna með þær, texti sem kom úr fylgiskjali 1 úr síðustu kjarasamningum.

Í vaktakerfinu er m.a. verið að ræða um að viðmiðunartímabil vaktahvata verði 3 mánuðir, fjöldi mætinga verði færður niður um eina vakt, talning frá 13 vöktum til 18 vakta, í stað 14 til 19 vakta. Einnig er rætt um samkomulag vegna uppsöfnunar vinnuskila og skipulag og lengd vakta sem skulu ákvarðast af þörfum vinnustaðarins og betri vinnutíma f. starfsfólk.

Aníta Ósk hjá Isavia, spurði um óskavaktakerfi sem Isavia vinnur eftir, en það sem Þórarinn hefur verið að fara yfir á bara við um Rvk.borg og ríkið. Garðar Svansson fór yfir vaktafyrirkomulag á hans starfsstað. Lagði áherslu á að vinnustaðir þrói vaktakerfi sem hentar bæði starfsemi og starfsfólkinu.

Ingólfur í Kjaradeild Sameykis fór yfir stöðuna á viðræðum við Isavia, Sameyki hóf samstarf með FFR við Isavia í febrúar. Viðræður FFR og SA og Isavia hafa ekkert gengið í fleiri mánuði, SA og Isavia mættu vanalega óundirbúnir til fundanna. Viðræðum var vísað til ríkissáttasemjara í lok mars. Boðað var til félagsfundar með starfsmönnum þann 11. apríl og fundurinn samþykkti að boða mætti til aðgerða og fá samþykki félagsmanna með rafrænum hætti. Undir stjórn Sáttu var ákveðið að vinna í smærri hópum. Isavia fór í einhliða útfærslu á styttingu vinnuvikunnar, enginn átti að lækka í launum, þrætueplið eru nokkrir mánuðir sem hafa ekki verið leiðréttir. Næsti samningafundur verður á morgun.

3. Réttindamál - ákvörðun um töku orlofs.

Jenný á Kjaradeild fór yfir nokkur mál tengd töku orlofs, fyrningu orlofs, orlofsuppbót og veikindi í orlofi.

Orlofsréttur skiptist í tvennt, réttur starfsmanns til að taka sér leyfi frá störfum og réttur til launagreiðslna á meðan á orlofstöku stendur.

Í 5. grein orlofslaga – yfirmaður ákveður í samráði við starfsmann hvenær orlof skuli veitt.

Veikindi í orlofi skal tilkynna án tafar með sannarlegum hætti. Veikindi skuli vera þess eðlis að starfsmanni sé ekki unnt að njóta orlofsins. Vísaði í dóm Hæstaréttar í máli nr. 56/2013.

Orlofsfé og orlofsuppbót. Orlofsfé er 13,04% á yfirvinnu- og álagsgreiðslur. Orlofsuppbót er nú 56.000,-

Frestun orlofs milli orlofsára er almennt óheimill skv. 13. gr. orlofslaga. Fæðingar- og foreldraorlof, veikindi eða skrifleg beiðni yfirmanns getur þó heimilað það.

Fyrning orlofs, í kjarasamningum árið 2020 var leitast við að samræma kjarasamninga, fella átti niður daga sem voru gjaldfallnir þann 1. maí 2019 og höfðu ekki verið nýttir 20. apríl 2023. En viðvarandi mannekla og Covid frestuðu gildistöku um eitt ár. Jenný vitnaði í dóm Evrópudómstólsins 22. sept. 2022, réttur til orlofs fyrnist „ekki sjálfkrafa“. Flytja megi ótekið orlof milli ára ef starfsmaður hefur verið óvinnufær og ekki fær um að nýta orlofsréttinn.

Vinnuveitanda ber að gera starfsmönnum kleift að geta tekið orlof. Mikilvægt að starfsfólk gangi frá samkomulagi við vinnuveitanda um flutning orlofs milli orlofsára, að óbreyttu fellur ótekið orlof niður í lok þessa orlofsárs. Tekið er fram að uppsafnað orlof getur aldrei orðið meira en 60 dagar, heimilt er að flytja megi 30 daga milli orlofsára. Verkalýðshreyfingin hefur haldið því fram að þó orlofsdagarnir geti fallið niður þá beri samt sem áður að greiða orlofslaunin.

J. Sigríður Magnúsdóttir spurði hvort ekki væri hægt að fá greitt út ótekið orlof, Jenný segir samningsaðila ekki sammála um það, þetta er þó áunninn réttur.

Unnur hjá Menntasj. námsmanna spurði um launalaust leyfi, er hún ekki að ávinna sér orlof? Jenný sagði ekki ávinnslu orlofs í launalaus leyfi. Ef hún er í launalaus leyfi, þá er ráðningasambandið á „pásu“.

Sigrún Ósk spyr hvort vinnuveitendur eigi að eiga frumkvæði að samtali um töku orlofs – já, Jenný sagði svo vera. sbr. 5. gr. orlofslaga

Róbert spyr um orlofstímabil sem er bara 4 vikur – Jenný sagði að þetta er samtali við yfirmann, þarf að vera viðkomið vegna starfseminnar, lágmark 15 dagar samfellt.

Unnur, spurði um vikuorlof frá mánudegi til föstudag, styttingin er annan hvorn föstudag, ef orlofið lendir á styttingardegi þá er það fullur orlofsdagur.

Þórunn, búsetukjarna Rvk. borg. Borgin ákvað að starfsmenn ættu allir að taka allt orlofið í júní, júlí og ágúst, ekki má geyma til haustsins t.d. - Jenný, tímabil sumarorlofs 15.maí – 30. september, en það á líka að gera þetta í samráði við starfsfólk skv. lögum. Yfirmaður þarf þá að sanna að því verði ekki viðkomið að taka orlof á öðrum tíma. Háttur í góðri stjórnun að reyna að verða við óskum starfsmanna.

Gunnsteinn skrifstofustjóri sagði frá að nú líður að 1.maí, merkisdegi í starfsemi Sameykis. Hann sagði félagið gjarnan vilja sjá félagsfólk og sérstaklega trúnaðarmenn taka þátt í kröfugöngunni. Safnast er saman á Grettisgötu og gangan fer svo niður Skólavörðustíg niður á Ingólfstorg. Ræðumenn verða Þórarinn og Sólveig Anna. Góð tónlistaratriði verða á fundinum og kaffisamsæti á Grettisgötu eftir fundinn.

Kaffihlé

4. Starfsemi Trúnaðarmannaráðs

Jakobína fór yfir að fundir trúnaðarmannaráðs hafa verið mánaðarlega á starfsvetrinum. Trúnaðarmenn eru líka boðaðir á Stofnun ársins og á aðalfund Sameykis. 40-45% trúnaðarmanna mæta á fundi ráðsins. Trúnaðarmenn eru líka hvattir til að sækja námskeið til að efla sig í störfum sínum, oft hefur þó þurft að fella niður námskeiðin vegna ónógrar þátttöku. Því hefur verið rætt hvort stokka þurfi upp starfið. Ýmsar hugmyndir hafa komið upp en nú verða trúnaðarmenn spurðir hvernig þeir vilji helst sjá samskiptin, skipulag funda og fræðslu, hvernig megi efla tengslin við starfsmenn og stjórn félagsins. Umræða á borðum í 20 mínútur, skrá niður hugmyndir og vilja borðfélaga.

5. Unnið var á borðum í sal og í tveimur hópum á fjarfundi í 20 mín.

6. Niðurstöður umræðna á borðum kynntar

Hans, Landspítala – hafa ættilt 2 fundir á önn, minni fundir hnitmiðaðir á ákveðna hópa. Það er gott að fá upplýsingapósta frá Þórarni, fræðsla má líka vera á kvöldin, gott að fá hana rafrænt og hlusta þegar hentar. Um þátttökuna, ættilt að gera könnun og greina af hverju fólk mætir ekki. Skrá líka mætingu og hafa samband við þá sem mæta ekki. Vantar bókina með réttindum og skyldum, þarf þá að vera aðgengilegt á netinu.

Þórunn, nauðsynlegt að hafa sameiginlega fundi til að hitta hópinn, en líka minni fundi eftir samningum og vaktavinnuhópum. Fræðslan, í gamla daga voru fræðslumorgnar á undan fundum til að nýta daginn fyrir þá sem koma lengra að. Gott að heyra hvað er í gangi þó ekki allir skilji t.d. allt um vaktavinnu.

Pétur, Strætó – hafa 1-2 stóra fundi en dagvinnu og vaktavinnuhópa með sér fundi oft. Gott að senda sms til að minna á fundi, vita ekki allir að þeir eigi rétt á fjarveru frá vinnu til að sækja fundi. Trúnaðarmenn eiga að sýna áhuga á störfunum sem þeir gáfu kost á sér í.

Höskuldur, himinn og haf milli dagvinnu- og vaktavinnuhópa. Hafa fundi í minni hópum eftir starfsemi, minni fundir á milli en 2 stóra fundi á önn, hægt að kynna niðurstöður minni fundanna á stóru fundunum. Gott að fá upplýsingar um stöðu kjaraviðræðna milli funda.

Ragnheiður, Skálatún, alltaf gaman á fundum, margt búið að koma fram, byrja veturinn á stórum fundi, hafa nýliðafund fljótt, tryggja að þeir fái grunnupplýsingar. Námskeið, skoða að hafa þau færri og stærri, meira samþjöppuð eins og var áður. Samantekt af minni fundum gætu komið á heimasíðu. Endurvekja morgunverðarfundi f. trúnaðarmenn, boða þá sérstaklega. Facebook hópar mættu vera skiptir eftir samningum og dagvinnu/vaktavinnu. Nýta morgunverðarfundi til að kynna skrifstofuna og fá andlit þeirra sem leita má til.

Garðar Svansson, hópurinn ræddi fundi og dagskrá, ánægð með meiri virkni fundarmanna en áður var, borðastarf og umræður. Fræðslumorgnarnýttast vel. Hvernig náum við að tengja stjórnina við félagsmenn? Viðhorf félagsmanna úti á landi var að þetta yrði Reykjavíkurstjórn eftir sameiningu félaganna, hvetja stjórnina til að halda stjórnarfundi úti á landi annað slagið. Nú er kominn stjórnarmaður á Akureyri, hvetja félagið til að halda trúnaðarmannaráðsfundi líka fyrir utan Reykjavík.

Eygló, nauðsynlegt að hafa valkost að vera á Teams, oft miklar upplýsingar sem snerta ekki alla, gott að skipta þessu niður. Skipulag funda fram í tímann til að geta tekið frá tíma. Halda árshátíð trúnaðarmanna 😊

? Clausen, sundlaugum, sömu punktar og hjá öðrum, skipta í minni hópa eftir áherslum, stóra fundi 2svar á ári. Líka hugmynd að hittast í minni hópum, t.d. leikskólar, kynnast trúnaðarmönnum í sama geira. Fræðslan, ánægja með hana en mætti líka miða fræðslu við ákveðna hópa.

Jónatan, Askja, fátt til að bæta við, sömu áherslur. Fræðslan, í upphafi er mikil áhersla á fræðsluna en ekki hvatt til að endurnýja og rifja upp. Það má betrumbæta Facebook virknina.

Aníta, Isavia, var á ungmennapingi ASÍ – hvetur til að stofna ungmennadeild innan Sameykis til að hvetja unga fólkið til að gerast trúnaðarmenn.

1. Önnur mál

Hvatning til trúnaðarmanna um að taka þátt í kröfugöngum á 1. maí

Þórarinn þakkaði góða þátttöku í umræðum og góðar hugmyndir.

fundu slitið 15:37